



## Starfsleyfi til jarðborunar

Gefið út samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

1. GILDISSVIÐ: Starfsleyfi þetta gildir til borunar / hreinsunar á holu borplani RN-28 á virkjunarsvæði Reykjanesvirkjunar.
2. LEYFISHAFI: Jarðboranir hf. (kt. 590286-1419), Hlíðasmára 3, 201 Kópavogi.
3. VIÐ DÆLINGU ELDSNEYTIS skal alltaf vera starfsmaður til staðar sem fylgist með dælingum.
4. OLÍUTANKAR skulu þannig staðsettir og þannig frá þeim gengið að ekki sé hætt á að olía berist í jarðveg.
5. MENGUNARÓHÖPP skulu tilkynnt Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja án tafar og framkvæmdaraðili skal þegar í stað hefjast handa við að stöðva útbreiðslu mengunarinnar.
6. RUSLAGÁMAR skulu vera lokaðir, þrífalegir og að öðru leyti standast kröfur Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja.
7. AÐ VERKI LOKNU skal gengið frá athafnarsvæði þannig að það falli sem best að umhverfinu.
8. LOKAÚTTEKT skal framkvæmd af Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja að verki loknu. Leyfishafi skal kalla til Heilbrigðiseftirlit með a.m.k. sólarhrings fyrirvara.

Reykjanesbæ xx. febrúar 2019

---

Ríkharður Fr.Friðriksson,  
Heilbrigðisfulltrúi.